

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla
2008

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| 1. Aðfaraorð formanns | 3 |
| 2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs 2008 | 4 |
| 2.1 Stjórn | 4 |
| 2.2 Hlutverk og verklag | 5 |
| 2.3 Söfnunarstöðvágjöld felld niður | 5 |
| 2.4 Skilmálar og verðskrá | 5 |
| 2.5 Brennsla á öflokkuðum umbúðum til orkuframleiðslu | 5 |
| 2.6 Lagabreytingar | 5 |
| 2.7 Endurvinnsluvika | 6 |
| 2.8 Skoðanakönnun | 6 |
| 2.9 Veiðarfærasamningur | 6 |
| 2.10 Erlend samskipti | 6 |
| 3. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2008 | 7 |
| 3.1 Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings | 8 |
| 3.2 Áritun endurskoðenda | 8 |
| 3.3 Rekstrarreikningur ársins 2008 | 9 |
| 3.4 Efnahagsreikningur 31. desember 2008 | 9 |
| 3.5 Sjóðsstreymi árið 2008 | 10 |
| 3.6 Skýringar á ársreikningi | 10 |
| 3.7 Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2008 | 14 |
| 4. Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstraryfirlit einstakra vöruflokka | 15 |
| 4.1 Oliuvörur | 16 |
| 4.2 Lífræn leysiefni | 17 |
| 4.3 Halógeneruð efnasambönd | 18 |
| 4.4 Ísósýanöt | 19 |
| 4.5 Málning og litarefni | 20 |
| 4.6 Prentlitir | 21 |
| 4.7 Rafhlöður | 22 |
| 4.8 Blýsýrurafgeymar | 23 |
| 4.9 Vörur í ljósmyndaiðnaði, framköllunarvökvar | 24 |
| 4.10 Kvikasilfurvörur | 25 |
| 4.11 Varnarefni | 26 |
| 4.12 Kælimiðlar | 27 |
| 4.13 Hjólbarðar | 28 |
| 4.14 Pappa- og pappírsumbúðir | 29 |
| 4.15 Plastumbúðir | 30 |
| 4.16 Ökutæki | 31 |

1. Aðfaraorð formanns

Í lok ársins 2008 hafði Úrvinnslusjóður starfað í sex ár. Almennt held ég að stjórnin sé sammála um að nokkuð vel hafi tekist til og gagnrýni á ársfundum sjóðsins hefur ekki verið hávær. Á þessum árum hefur endurvinnsluiðnaður vaxið talsvert og telja margir að velta þessa iðnaðar sé nú yfir 10 milljarðar á ári og öflug fyrirtæki eru nú á þessum vettvangi. Við leyfum okkur að trúa því að árangurinn sé ekki síst að þakka því skipulagi sem Úrvinnslusjóður hefur komið á, skipulagi sem byggir á að nýta og kalla fram hugmyndir og frumkvæði þeirra sem á þessu sviði vilja vinna.

Eigi að síður hafa stjórn og framkvæmdastjóri velt upp á mörgum fundum spurningunni hvar megi betur gera og hvort tími sé til kominn að breyta til nú þegar svo margir öflugir leikendur eru á þessum markaði.

Lögin um Úrvinnslusjóð gera ráð fyrir að haldið sé í sem bestu jafnvægi tekjum og gjöldum innan hvers vörflokks. Þar er á mörg atriði að líta. Í fyrsta lagi eru gríðarlegar sveiflur í innflutningi og þar með tekjum hvers vörflokks. Við það verður ekki ráðið og endurspeglast þetta atriði ekki síst í tekjum ríkissjóðs af innflutningi. Í annan stað er líftími þeirra vörflokka sem Úrvinnslusjóður fæst við, mjög mismunandi. Þannig líða t.d. um 5 ár frá því að rafgeymir er fluttur inn þar til hann kemur til úrvinnslu. Svipað má segja um hjólbarða. Þannig safnast óhjákvæmilega nokkurt fé í sjóðnum, fé sem ætlað er að mæta útgjöldum þegar þessar vörur verða að úrgangi. Aðrir vörflokkar skila sér sem úrgangur oft mestmegnis árið sem þeir eru fluttir inn.

Hér vaknar spurning sem lögin svara ekki nákvæmlega. Á Úrvinnslusjóður að vera gegnum-

streymissjóður sem á hverju ári er í sem mestu jafnvægi og úrvinnslugjald þá að sveiflast árlega samkvæmt því eða á sjóðurinn að vera með nægilegt fé handbært hverju sinni til þess að standa straum af úrvinnslukostnaði þegar hann fellur til og þá stundum nokkrum árum eftir að lagt var á vöruna.

Þannig vaknar sú lagalega spurning hvort handhafar vöru sem lagt hefur verið úrvinnslugjald á, eiga að geta skilað henni til úrvinnslu hvenær sem er.

Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur freistað þess að meta hverjar skuldbindingar sjóðsins eru ef þannig er lítið á málin og er þá ekki um neinar smá upphæðir að ræða.

Stjórnin mun fljótlega leggja þessa útreikninga fyrir umhverfisráðuneytið til skoðunar.

Jafnframt koma fram raddir sem telja að nú þegar þessi markaður hefur þróast og þroskast, séu komnar aðstæður til þess að bjóða út einstaka vörflokka. Stjórnin ráðgerir að halda sérstakan fund þar sem þetta mál verður skoðað frá öllum hliðum.

Að sjálfsögðu hafa þær efnahagslegu ölduhreyfingar sem gengið hafa yfir landið og umheiminn haft sín áhrif á áætlanagerð sjóðsins. Erfitt er að gera áætlanir fram í tímann við þessar aðstæður.

Á undanförunum árum hefur starfsemi Úrvinnslusjóðs fallið í æ fastari og mótaðri farveg. Gott samstarf hefur alla tíð verið við umhverfisráðuneytið og ýmsa aðra aðila ss. aðrar stofnanir ríkisins, sveitarfélög og hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Guðm. G. Þórarinsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs.

2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2008

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Ný reglugerð nr. 501/2003 kom í hennar stað og tók gildi 30. júní 2003.

2.1 Stjórn og starfsmenn

Umhverfisráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslu-

stöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVP-Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Á árinu var stjórn Úrvinnslusjóðs skipuð Guðmundi G. Þórarinssyni, stjórnarformanni, Bryndísi Skúladóttur fyrir Samtök iðnaðarins, varaformanni, Sigurði Erni Guðleifssyni fyrir SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Guðfinni G. Johnsen, fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnlustöðva og Ögmundi Einarssyni fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Í september urðu þær breytingar á stjórn sjóðsins að Sigurður Jónsson, sem skipaður var fyrir SVP-Samtök verslunar og þjónustu, hætti og í hans stað var skipaður Sigurður Örn Guðleifsson lögmaður.

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi

| Vöruflokkar | 1/1/2003 | 1/1/2004 | 1/1/2005 | 1/1/2006 | 3/1/2007 | 1/1/2008 |
|--|--------------|--------------|-----------|-----------|-----------|--------------|
| 01 Heyrúlluplast (sameinað plastumbúðum 1.1.2008) | | 25,00 | | | | 3,00 |
| 02 Samsettar drykkjarvöruumbúðir | 22,23 | | 10,00 | | | |
| 02 Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr/stk.) | 0,59-0,73 | | 0,26-0,33 | | | |
| 04 Ólíuvörur aðrar en brennsluolia | 11,50 | 14,50 | | | 13,00 | |
| 04 Svartolía | 0,00 | | | | | |
| 05 Lífræn leysiefni | 3,00 | | | | | |
| 06 Halógeneruð efnasambönd | 105,00 | | 130,00 | | | |
| 07 Ísósyranöt | 1,30 | 1,50 | | | | |
| 08 Olíumálning | 17,00 | 20,00 | | | | 25,00 |
| 09 Prentlitir | 20,00 | 34,00 | | | 25,00 | |
| 10 Mangandíoxíðraflöður | 91,00 | | 45,50 | | | |
| 10 Lípiumraflöður | 171,00 | | 85,50 | | | |
| 10 Raflöður með nikkeldadmíum | 202,00 | | 101,00 | | | |
| 10 Raflöður með kvikasilfri | 559,00 | | 279,50 | | | |
| 10 Alkalískar hnapparaflöður (kr/stk.) | 5,00 | | 2,50 | | | |
| 11 Rafgeymar með síru | 19,00 | | | | | |
| 11 Rafgeymar án síru | 26,60 | | | | | |
| 11 Rafgeymar í tækjum (kr/ökutæki) | 104,50-1,672 | | | | | |
| 11 Raflöður í rafmagnsspennum | 19,00 | | | | | |
| 12 Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði | 36,75-294 | 51,00-408,00 | | | | 72,00-576,00 |
| 13 Kvikasilfursvörur | 900,00 | | | | | |
| 14 Varnarefni. útrýmingar- og fúavarnarefni | 3,00 | | | | | |
| 15 Kælimiðlar | 2,50 | | | | | |
| 16 Hjólbarðar | 36,02 | | 30,00 | 20,00 | 15,00 | |
| 16 Hjólbarðar (kr/ökutæki) | 72,04-36,020 | | 60-30,000 | 40-20,000 | 30-15,000 | |
| 17 Veiðarfæri | | | | 0,00 | | |
| 18 Pappírs- og pappaumbúðir | | | | 10,00 | 7,00 | |
| 20 Plastumbúðir (sameinað heyrúlluplasti 1.1.2008) | | | | 10,00 | 3,00 | |
| 51 Ökutæki (kr/ökutæki á ári) | 1,040,00 | | 700,00 | | | |


Ath. Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið

2.2 Hlutverk og verklag

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.

Söfnunarstöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Móttökustöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum.

2.3 Söfnunarstöðvagjöld felld niður

Frá því að lög um úrvinnslugjald voru sett hafa orðið verulegar breytingar á allri framkvæmd við söfnun úrgangs. Einkaaðilar hafa í vaxandi mæli verið að hasla sér völl á þessu sviði og aðferðir hafa breyst. Má nefna að fyrirtæki eru farin að reka söfnunarstöðvar á eigin vegum og sveitarfélög og fyrirtæki bjóða heimilum og fyrirtækjum að hafa sérstaka tunnu fyrir flokkaðan úrgang sem sótt er reglulega og komið til endurnýtingar. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur fjallað ítarlega um greiðslu söfnunarstöðvargjalda og nauðsyn þess að færa greiðslufyrirkomulag nær lögmálum markaðarins og koma í veg fyrir mismun milli aðferða við söfnun og milli aðila á þessum starfsvettvangi. Í samstarfi við aðila á markaði var niðurstaðan sú að breyta greiðslufyrirkomulagi til þjónustuaðila þannig að

hætt verði að greiða sérstakt söfnunarstöðvargjald, sem verður þá innifalið í greiðslu til þjónustuaðila. Þar með er gert ráð fyrir að þjónustuaðili greiði fyrir þann úrgang sem hann fær á söfnunarstöðvum og tekur endurskoðun greiðslna mið af því. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt um að gerast þjónustuaðilar og þar með fengið greitt frá Úrvinnslusjóði þegar staðfesting á ráðstöfun liggur fyrir. Þessar breytingur ná ekki til meðhöndlunar á ökutækjum

2.4 Skilmálar og verðskrá

Á árinu 2008 voru ekki gefnir út nýir skilmálar en nokkrar breytingar urðu á greiðslum í vöruflokkum. Þann 1. apríl voru söfnunarstöðvagjöld felld inn í endurgjaldið en upphæðin var mismunandi eftir vöruflokkum. Á sama tíma var endurgjald fyrir endurvinnslu pappa, pappírs- og plastumbúða hækkað til að örva söfnun og einnig urðu breytingar á greiðslum fyrir spilliefni þegar greiðsluflokkum var fækkað. Þann 1. nóvember var endurgjald fyrir endurvinnslu á pappa og pappírsumbúðum hækkað, tímabundið, um 10 kr/kg. Unnið var að endurskoðun flutningsjöfnunar síðari hluta árs vegna mikillar hækkunar olíu.

Mikið verðfall varð á endurvinnslumörkuðum í lok ársins á sama tíma og gengi íslensku krónunnar féll verulega. Útflutningur á plastumbúðum dróst verulega saman en útflutningi á pappa og pappír var haldið gangandi með tímabundinni hækkun á greiðslu sjóðsins til verktaka. Vegna veikingar krónunnar stöðvaðist útflutningur á hjólbörðum en endurvinnslufyrirtækin taka greiðslu við móttöku þeirra. Leitað var leiða til að ráðstafa hjólbörðum innanlands og var þar einkum horft til notkunar á hjólbardakurli í drenlag á urðunarstöðum.


2.5 Brennsla á óflokkuðum umbúðum til orkuframleiðslu

Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur ákveðið að greiða til brennslustöðva fyrir brennslu á óflokkuðum umbúðum úr pappír, pappa og plasti, til orkuvinnslu, enda séu stöðvarnar með gilt starfsleyfi. Greiðslan tekur mið af mati sjóðsins á magni umbúða, sem eru saman við almennan úrgang, og brenndur er í slíkum stöðvum. Magn umbúða sem þannig eru brenndar óflokkaðar og sjóðurinn greiðir fyrir er reiknað samkvæmt ákveðnum forsendum. Tekið er tillit til magns umbúða sem úrvinnslugjald er lagt á að frádregnu því magni sem safnast hefur til endurvinnslu. Þannig fæst magn umbúða sem eru urðað eða brennt. Greiðsla til brennslustöðvarinnar miðast svo við fjölda íbúa sem stöðin brennir heimilisúrgangi frá. Fyrir brennslu umbúða í óflokkuðum heimilisúrgangi er greitt lægra einingarverð.

2.6 Lagabreytingar

Lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, var breytt á árinu 2008. Lög um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum, segir í 7. gr: „Við 15. gr laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, bætist ný málsgrein er verður 5.mgr., svohljóðandi:“ „Úrvinnslusjóði

er heimilt að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs, nr.55/2003. Slíkir samningar skulu samþykktir af ráðherra.



2.7 Endurvinnsluvika

Efnt var til endurvinnsluviku í fyrsta sinn hér á landi og var hún haldin vikuna 12-19. september. Að áttakinu stóðu Úrvinnslusjóður í samvinnu við umhverfiráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Íslenska gámafélagið, Gámaþjónustuna, Endurvinnsluna og Sorpu. Í endurvinnsluvikunni var mikilvægi endurvinnslu fyrir íslenskt samfélag kynnt og sú grunnhugsun að úrgangurinn sé dýrmæt auðlind, því þegar vara er endurunin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé á náttúruauðlindir.

Áhersla var lögð á að ná til ungs fólks í endurvinnsluvikunni en niðurstöður kannana benda til þess að fólk á aldrinum 16-20 ára stáði sig einna síst í flokkun sorps. Voru úrræði til endurvinnslu kynnt í framhaldsskólum landsins.

Kannanir benda til þess að Íslendingar stáði sig almennt ágætlega í flokkun sorps þar sem um 9 af hverjum 10 segjast flokka sorp til endurvinnslu í einhverjum mæli. Megin skilaboð endurvinnsluvikunnar voru að endurvinnslan er „í þínum höndum“, og fengu skilaboðin góðar viðtökur bæði meðal almennings og í skólunum.

Í tengslum við endurvinnsluvikuna var ráðist í gerð kennsluefnis, „Í þínum höndum – nokkur sannleikskorn um endurvinnslu“. Kennsluefninu, sem aðgengilegt er á vef Úrvinnslusjóðs www.urvinnslusjodur.is, er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um hversu mikið rusl fellur til á degi hverjum og sýna fram á mikilvægi þess að flokka sitt eigið rusl til endurvinnslu.

Mikilvægt er að þær kynslóðir sem eru að vaxa úr grasi alist upp við að endurvinnsla sé hluti af daglegu lífi. Framlag allra, sama hversu lítið sem það er, skiptir máli þegar lítið er til framtíðar.

2.8 Skoðanakönnun

Í ágúst var framkvæmd netkönnun af Capacent Gallup til að kanna umfang og þekkingu almennings á endurvinnsluleiðum og þróun þar á. Úrtakið var 1200 manns, 16-75 ára, handahófsvaldir úr viðhorfahópi Capacent Gallup. Svarhlutfall var 68,2%. Helstu niðurstöður voru þessar:

- 91% flokkar sorp til endurvinnslu
- 19% flokkar sorp alltaf
- 37% flokkar sorp oft
- 35% flokkar sorp stundum eða sjaldan

Hlutfall þeirra sem flokka sorp til endurvinnslu hefur hækkað frá síðustu mælingu árið 2006, en þá flokkuðu tæp 84% sorp.

Konur, eldra fólk, fólk búsett á höfuðborgarsvæðinu og fólk með meiri menntun, flokka sorp að jafnaði oft en samanburðarhóparnir. Yngra fólk finnst erfiðara að koma sorpi til skila en því eldra.

Algengast er að fólk flokki dagblaðapappír, drykkjarvöruumbúðir, rafhlöður og spilliefni (s.s. málningarafganga).

- 94% telja endurvinnslu vera mikilvæga fyrir samfélagið í heild
- 2% telja endurvinnslu skipta litlu fyrir samfélagið í heild
- 47% finnst auðvelt að koma flokkuðu sorpi til skila
- 31% finnst erfitt að koma flokkuðu sorpi til skila

2.9 Veifarfasamningur

Þann 29. ágúst 2005 var gert samkomulag við Landsamband íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun á úrgangi frá veifarferum úr gerviefnum á grundvelli laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

Móttökkustöð fyrir veifarfaúrgang úr gerviefnum er á starfssvæði Hampiðjunnar á Grandagarði og berst þangað veifarfaúrgangur frá öllu landinu. Þar er úrgangurinn yfirfarinn og gætt að því að ekki sé í honum aðskotahlutir áður en hann er sendur til endurvinnslu. Innsafnað magn af veifarferum úr gerviefnum á vegum LÍÚ eru um 276 tonn sem send voru til Polivektris í Litháen til endurvinnslu. Önnur staðfest endurvinnsla er á vegum PM Endurvinnslu um 312 tonn og Endurvinnslan hf um 46 tonn af veifarfaúrgangi. Samtals gerir þetta um 634 tonn af veifarferum úr gerviefnum sem eru endurunin. Ágætlega hefur gengið að fá veifarfaúrgang til endurvinnslu, en markmið samnings milli LÍÚ og Úrvinnslusjóðs kveður á um 45% endurnýtingu á árinu 2008 en í honum er gert ráð fyrir að um 1.100 tonn af veifarfaúrgangi falli til á ári hverju.

2.10 Erlend samskipti

Úrvinnslusjóður gerðist aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery árið 2004. Í samtökunum eru aðilar frá 12 Evrópuríkjum og nær starfssvið sumra þessara aðila aðeins til plastumbúða en annarra er víðara. Enginn þessara aðila nær þó til jafn margra vörflokka eins og Úrvinnslusjóður. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni.

Árið 2006 gerðist Úrvinnslusjóður aðili að PRO EUROPE sem eru regnhilfarsamtök um það bil 30 aðila í hinum ýmsu Evrópulöndum sem hafa umsjón með söfnun og endurnýtingu umbúða. Flest þessara fyrirtækja nota "Græna punktinn" sem auðkenni á umbúðir sem eru hluti af söfnunarkerfum fyrirtækjanna. Fyrir utan að hafa umsjón með notkun "Græna punktsins" sinna samtökin hlutverki sem málsvari hagsmuna sem tengjast aðildarfyrirtækjunum. Þá eru þau vettvangur fyrir umræðu um söfnun og endurnýtingu umbúða. Á vegum samtakanna eru vinnuhópar þar sem sérstaklega er fjallað um tækni, markaðs- og kynningarmál í tengslum við endurvinnslu. Ákveðið var að halda aðalfund Pro Europe á Íslandi vorið 2009.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársreikningur 2008

| | |
|---|----|
| 3.1 Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings..... | 8 |
| 3.2 Áritun endurskoðenda..... | 8 |
| 3.3 Rekstrarreikningur | 9 |
| 3.4 Efnahagsreikningur | 9 |
| 3.5 Sjóðstreymi | 10 |
| 3.6 Skýringar | 10 |
| 3.7 Uppgjör ársins 2008 eftir vöruflokkum..... | 14 |

Úrvinnslusjóður Suðurlandsbraut 24 Reykjavík. 530803-3680

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir Umhverfissráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í framkvæmd eru gjöld staðfest af sjóðnum en tekjur eru færðar án aðkomu hans. Í lögnum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs.

Á árinu 2008 varð 183,5 m.kr. tekjuhalli af rekstri sjóðsins, en hafði verið áætlaður 78,6 m.kr. Mismunur skýrist að mestu af tekjufalli á síðari hluta ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 1.019,2 m.kr., skuldir 195,3 m.kr. og eigið fé nam 823,9 m.kr. í árslok 2008. Eigið fé er ætlað á móti framtíðarskuldbindingum, sem eru til komnar vegna þess að kostnaður af endurvinnslu fellur oft ekki á sjóðinn fyrr en nokkrum árum eftir álagningu úrvinnslugjalds.

Með lögum sem tóku gildi 1. janúar 2008 var úrvinnslugjald vegna málningar hækkað um 5 kr. pr. kg. en fyrir mistök lögðu skattstjórnir á samkvæmt eldri gjaldskrá til loka októbermánaðar. Athygli ríkisskattstjóra hefur með bréfi, dags. 24.3.09, verið vakin á málinu en viðbrögð hans hafa ekki borist. Áætlaðar vangreiddar tekjur (2,0 m.kr.) hafa ekki verið færðar í bókhald sjóðsins samkvæmt ákvörðun ríkisendurskoðanda.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, maí 2009.

Í stjórn

Guðmundur G. Þórarinnsson

formaður (sign)

Bryndis Skúladóttir (sign)

Sigurður Örn Guðleifsson (sign)

Framkvæmdastjóri

Ólafur Kjartansson (sign)

Guðfinnur G. Johnsen (sign)

Ögmundur Einarsson (sign)

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Úrvinnslusjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunar-aðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2008, efnahag sjóðsins 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, maí 2009.

Sveinn Arason

ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|-------|-----------------------------|----------------------------|
| Tekjur | | | |
| Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara | 1 | 370.265.296 | 547.855.658 |
| Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu | 2 | 34.526.558 | 24.079.115 |
| Úrvinnslugjöld vegna ökutækja | 3 | 162.482.238 | 156.220.517 |
| | | <u>567.274.092</u> | <u>728.155.290</u> |
| Gjöld | | | |
| Rekstrarkostnaður | 4 | 84.349.161 | 76.778.043 |
| Móttökustöðvargjöld | | 532.568.439 | 479.663.555 |
| Flutningsgjöld | | 90.522.053 | 106.892.494 |
| Söfnunarstöðvargjöld | | 18.723.635 | 57.059.168 |
| Önnur meðhöndlunargjöld | | 27.744.499 | 26.695.262 |
| Skilagjald | | 133.002.850 | 129.202.582 |
| | | <u>886.910.637</u> | <u>876.291.104</u> |
| (Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur..... | | (319.636.545) | (148.135.814) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 5 | 136.092.667 | 134.777.277 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins..... | | <u>(183.543.878)</u> | <u>(13.358.537)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|-------|-----------------------------|-----------------------------|
| Eignir | | | |
| Veltufjármunir | | | |
| Ríkissjóður | 6 | 935.910.706 | 1.106.795.093 |
| Viðskiptakröfur | | 81.960.304 | 99.707.179 |
| Handbært fé | | 1.298.658 | 1.288.983 |
| | | <u>1.019.169.668</u> | <u>1.207.791.255</u> |
| Eignir alls..... | | <u>1.019.169.668</u> | <u>1.207.791.255</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Höfuðstóll: | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 1.007.432.639 | 1.020.791.176 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | | (183.543.878) | (13.358.537) |
| | | <u>823.888.761</u> | <u>1.007.432.639</u> |
| Höfuðstóll | 7 | 823.888.761 | 1.007.432.639 |
| Eigið fé | | <u>823.888.761</u> | <u>1.007.432.639</u> |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 195.280.907 | 200.358.616 |
| | | <u>195.280.907</u> | <u>200.358.616</u> |
| Skuldir | | <u>195.280.907</u> | <u>200.358.616</u> |
| Eigið fé og skuldir alls..... | | <u>1.019.169.668</u> | <u>1.207.791.255</u> |

Sjóðstreymi árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|--|-------|----------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Veltufé frá rekstri: | | | |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | | (183.543.878) | (13.358.537) |
| Veltufé frá rekstri | | <u>(183.543.878)</u> | <u>(13.358.537)</u> |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Ríkissjóður. inneign lækkun/(hækkun)..... | | 170.884.387 | (34.309.703) |
| Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)..... | | 17.746.875 | 40.384.184 |
| Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun | | (5.077.709) | 7.411.454 |
| | | <u>183.553.553</u> | <u>13.485.935</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | 9.675 | 127.398 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé..... | | 9.675 | 127.398 |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | | 1.288.983 | 1.161.585 |
| Handbært fé í lok ársins..... | | <u>1.298.658</u> | <u>1.288.983</u> |

3.6 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Tekjuskattar

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur Úrvinnslusjóðs er úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur af álagningaraðilum. Innheimta er í höndum sýslumanna og/eða tollstjóra. Úrvinnslugjaldið er fært í fjárhagsbókhalð hjá Fjárslu ríkisins, samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi í ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs.

Skráning gjalda

Þegar reikningar berast Úrvinnslusjóði eru þeir áritaðir og samþykktir. Síðan eru þeir sendir með beiðni um greiðslu og bókun til Fjárslu ríkisins. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilagreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Sjóðurinn er einnig í launagreiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

Fjárheimildir og rekstur

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2008 fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) námu samtals 700,0 m.kr., en tekjur urðu nokkuð lægri eða 567,3 m.kr.

Rekstur vörflokka nam 822,3 m.kr. sem er 31,3 m.kr. hærra en endanlegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins, nettó voru 136,8 m.kr. eða 9,9 m.kr. lægri en fjárheimild. Rekstrargjöld sjóðsins námu 63,8 m.kr. sem var 9,8 m.kr. hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 183,5 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Reikningur | Frávik |
|---------------------------------------|-----------|-------------|------------|-----------|
| Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald | (700.000) | (700.000) | (567.274) | (132.726) |
| Sértekjur. fjármagnsliðir nettó | (100.000) | (146.000) | (136.093) | (9.907) |
| Rekstur vörflokka | 745.000 | 791.000 | 822.250 | (31.250) |
| Annar kostnaður | 54.000 | 54.000 | 63.811 | (9.811) |
| | (1.000) | (1.000) | 182.695 | (183.695) |
| Eignakaup | 1.000 | 1.000 | 849 | 151 |
| | 0 | 0 | 183.544 | (183.544) |

Rekstrarreikningur, sundurliðaður eftir tegundum í þús.kr.:

| | 2008 | 2007 |
|---------------------------------------|-----------|-----------|
| Úrvinnslugjald | 567.274 | 728.155 |
| Sértekjur. fjármagnsliðir nettó | 136.093 | 134.777 |
| Rekstur vörflokka | (822.250) | (813.142) |
| Annar kostnaður | (63.811) | (62.902) |
| | (182.695) | (13.111) |
| Eignakaup | (849) | (247) |
| | (183.544) | (13.358) |

Sundurliðanir

1. Úrvinnslugjald vegna innfluttra vara

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2008 að teknu tilliti til breytinga nam 386,1 m.kr. Lækkun frá fyrra ári var 177,6 m.kr. eða 32,4% og stafar lækkun aðallega af litlum innflutningi síðustu mánuði ársins (eftir hrun fjármálakerfisins), en einnig vegna lækkunar gjaldskrár gagnvart heyrúlluplasti sem nú ber sama gjald og annað plast. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

2. Úrvinnslugjald vegna innlendar framleiðslu

Álagning vegna innlendar framleiðslu nam 34,5 m.kr. á árinu, en 24,1 m.kr. á síðasta ári, sem er hækkun um 10,4 m.kr. eða 43,2%. Úrvinnslugjald innlendar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappírsumbúða og plastumbúða. Álagning á innlenda framleiðslu er í höndum skattstjóra.

3. Úrvinnslugjald vegna ökutækja

Úrvinnslugjald vegna ökutækja var 162,5 m.kr. og hækkaði um 6,3 m.kr. frá árinu 2007 eða 4,0%. Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki.

4. Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 43.675 þús.kr. og hækkuðu um 2.846 þús.kr. eða 7,0% frá fyrra ári. Í árslok 2008 var fjöldi starfsmanna Úrvinnslusjóðs og ársverk á árinu 5 eins og árið áður. Á árinu 2008 voru hækkunar samkvæmt samningum 2,0%, auk fastrar hækkunar á launatöflu í júní. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | 2008 | 2007 |
|------------------------|-------------------|-------------------|
| Dagvinna | 27.259.702 | 25.168.760 |
| Yfirvinna | 3.198.075 | 2.775.344 |
| Aukagreiðslur | 6.027.170 | 6.239.467 |
| Launatengd gjöld | 7.189.766 | 6.645.205 |
| | <u>43.674.713</u> | <u>40.828.776</u> |

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs hækkaði milli ára um 4,7 m.kr. eða 13,1%. Aðkeypt sérfræðipjónusta hækkar um 4,9 m.kr. m.a. vegna kynningarstarfa. Eignakaup hækkuðu einnig. Þá hækkar afskrifað úrvinnslugjald, en umsýslugjald til ríkissjóðs, sem er ákveðið hlutfall af tekjum lækkar. Aftur á móti lækkaði kostnaður við kynningarstarfsemi og er það aðallega vegna átaks árið 2007 til að auka skil á úr sér gengnum rafhlöðum til förgunar.

| | 2008 | 2007 |
|--|-------------------|-------------------|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 1.980.591 | 2.106.194 |
| Kynningarstarfsemi | 10.520.840 | 11.057.071 |
| Funda- og ferðakostnaður | 6.614.618 | 6.509.256 |
| Aðkeypt sérfræðipjónusta | 9.460.263 | 4.518.679 |
| Umsýslugjald til ríkissjóðs | 2.983.158 | 3.939.307 |
| Húsnæðiskostnaður | 5.466.756 | 5.069.191 |
| Ýmis rekstrarkostnaður | 1.871.957 | 1.912.162 |
| Afskrifað úrvinnslugjald | 927.347 | 590.343 |
| Eignakaup | 848.918 | 247.064 |
| | <u>40.674.448</u> | <u>35.949.267</u> |
| Rekstrarkostnaður samtals..... | <u>84.349.161</u> | <u>76.778.043</u> |

Sameiginlegur og sértækur rekstrarkostnaður

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vörflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vörflokki og því færður beint til gjalda á viðkomandi vörflokk. Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vörflokk og er skipt á vörflokka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vörflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2008 eftir vörflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Rétt er að geta þess hér að álögur og dráttarvaxtatekjur vegna úrvinnslugjalds, sem berast eftir eindaga eru færðar til lækkunar á sameiginlegum rekstrarkostnaði í fylgiskjali samtals að fjárhæð 3,2 m.kr.

| | | |
|--|-------------------|-------------------|
| Afskrifað úrvinnslugjald | 927.347 | 590.343 |
| Rekstrarkostnaður, sértækur..... | 18.759.981 | 13.628.577 |
| Rekstrarkostnaður, sameiginlegur | 64.661.833 | 64.638.341 |
| | <u>84.349.161</u> | <u>78.857.261</u> |

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum námu 136,1 m.kr. og hækkuðu um 1,3 m.kr. frá fyrra ári eða 1,0%. Hækkunin stafar af hækkun inneignar hjá ríkissjóði. Aðrar vaxtatekjur eru álögur og dráttarvextir vegna úrvinnslugjalds sem berast eftir eindaga. Vaxtagjöld eru bæði vegna vörflokka og sameiginleg.

| | | |
|------------------------------|--------------------|--------------------|
| Vaxtatekjur af inneign | 147.666.498 | 146.292.408 |
| Fjármagnstekjuskattur | (14.766.650) | (14.629.241) |
| | <u>132.899.848</u> | <u>131.663.167</u> |
| Aðrar vaxtatekjur | 3.212.619 | 3.126.580 |
| Önnur vaxtagjöld | (19.800) | (12.470) |
| | <u>3.192.819</u> | <u>3.114.110</u> |
| | <u>136.092.667</u> | <u>134.777.277</u> |

Annað

6. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Úrvinnslusjóðs gagnvart ríkissjóði. Þannig eru greiðslur og framlag færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2008 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 468,8 m.kr. og hafði lækkað um 638,2 m.kr. á árinu.

| | |
|-------------------------------|--------------------|
| Staða 1. janúar 2008 | 1.106.903.477 |
| Greiðslur | (928.854.300) |
| Millifærslur | 290.700.841 |
| Staða 31. desember 2008 | <u>468.750.018</u> |

7. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluáferð leiðir það af sér að höfuðstóll Úrvinnslusjóðs sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur sjóðsins gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2008 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 823,9 m.kr. og hafði staðan versnað um 183,5 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuhalla ársins.

Höfuðstóll

| | |
|--|--------------------|
| Höfuðstóll 1. janúar 2008 | 1.007.432.639 |
| Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag | (183.543.878) |
| Höfuðstóll 31. desember 2008 | <u>823.888.761</u> |

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|--------------------------------|------------------|------------------|------------------|----------------|----------------|
| Rekstur | | | | | |
| Tekjur | 567.274 | 728.155 | 892.847 | 663.396 | 679.055 |
| Gjöld | (886.911) | (876.291) | (694.645) | (562.889) | (370.831) |
| Fjármagnstekjur, nettó | 136.093 | 134.777 | 93.031 | 51.391 | 83 |
| Tekjuafgangur (-halli) | <u>(183.544)</u> | <u>(13.359)</u> | <u>291.233</u> | <u>151.898</u> | <u>308.307</u> |
| Efnahagur | | | | | |
| Veltufjármunir | 1.019.170 | 1.207.791 | 1.213.738 | 817.238 | 679.337 |
| Eignir alls | <u>1.019.170</u> | <u>1.207.791</u> | <u>1.213.738</u> | <u>817.238</u> | <u>679.337</u> |
| Höfuðstóll | 823.889 | 1.007.433 | 1.020.791 | 729.558 | 577.660 |
| Skammtímaskuldir | 195.281 | 200.359 | 192.947 | 87.680 | 101.677 |
| Eigið fé og skuldir alls | <u>1.019.170</u> | <u>1.207.791</u> | <u>1.213.738</u> | <u>817.238</u> | <u>679.337</u> |

3.7 Uppgjör ársins 2008 eftir vöruflokkum

| | Vöruf. 04 | Vöruf. 05 | Vöruf. 06 | Vöruf. 07 | Vöruf. 08 | Vöruf. 09 | Vöruf. 10 | Vöruf. 11 | Vöruf. 12 | Vöruf. 13 | Vöruf. 14 | Vöruf. 15 | Vöruf. 16 | Vöruf. 17 | Vöruf. 18 | Vöruf. 19 | Vöruf. 20 | Vöruf. 51 | Samtals | |
|---|-------------|-------------|-------------------------|-----------------------|-------------|-------------|------------|-------------|-------------------------|-------------------|-----------|------------|--------------|-----------|---------------|-----------|-----------------------------|-----------|-------------|---------------|
| | Oliuvör | Leysifni | Halögeneruð efnasambönd | Ísósýanöf/ pólyuretön | Málning | Prentlitir | Rafhíður | Rafgeymar | Vörur í ljós-myndaöðaði | Kvikasilfur-vörur | Vamarefni | Kælimiðlar | Hjólbarðar | Veðarfari | Pappa-umbúðir | Raftæki | Plástumbúðir Vöruf. 1 meðt. | Ökutæki | | |
| Tekjur: | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Úrvinnslugjald vinnflutta vara, álagning | 68.324.263 | 4.437.555 | 45.730.010 | 588.347 | 33.978.413 | 13.515.170 | 8.690.936 | 23.206.248 | 7.901.675 | 50.400 | 537.063 | 179.141 | 86.144.167 | | 102.024.511 | | 30.975.937 | | 386.126.836 | |
| Úrvinnslugjald endurg. v. eigin endurnýtingar | | | | | | -15.861.540 | | | | | | | | | | | | | -15.861.540 | |
| Úrvinnslugjald vinnlendra vara, álagning | | -638.487 | | 8.437.555 | | | | | | | | | | | | | 4.415.549 | | 34.526.558 | |
| Úrvinnslugjald v/ökutækja, álagning | | | | | | | | | | | | | | | | | 162.482.238 | | 162.482.238 | |
| Tekjur samtals (netto): | 68.324.263 | 3.799.068 | 45.730.010 | 588.347 | 42.415.988 | -2.346.370 | 8.690.936 | 23.206.248 | 7.901.675 | 50.400 | 537.063 | 179.141 | 86.144.167 | | 124.336.452 | | 35.391.486 | | 567.274.092 | |
| Gjöld: | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Skilgjald | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 133.002.850 | 133.002.850 |
| Móttökustöðvargjald | 43.862.913 | 12.472.929 | 1.832.942 | 787.574 | 33.347.689 | 4.476.780 | 5.172.766 | 3.120.530 | 5.972.232 | 68.450 | 198.902 | 626.059 | 200.776.794 | | 117.977.593 | | 73.792.276 | | 532.568.439 | |
| Söfnunarsstöðvargjald | 240.394 | 57.978 | 6.657 | 838 | 888.731 | 6.537 | 228.256 | 900.740 | 147.514 | 173 | 144 | | 1.446.750 | | 8.539.013 | | | | 18.723.635 | |
| Flúrningsgjald | 31.668.683 | 560.003 | 67.555 | 22.795 | 2.866.474 | 54.835 | 615.795 | 8.705.814 | 686.097 | 540 | 6.363 | 11.302 | 12.444.273 | | 16.853.178 | | 2.294.856 | | 90.522.053 | |
| Önnur meðhöndlunargjöld | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Úrvinnslugjöld samtals | 75.771.990 | 13.090.910 | 1.907.064 | 811.197 | 37.102.904 | 4.538.152 | 6.016.817 | 40.809.084 | 6.805.843 | 69.163 | 205.409 | 637.361 | 214.667.817 | | 143.369.784 | | 76.087.132 | | 180.670.849 | |
| Afskrifað úrvinnslugjald | 116 | 2.147 | | 615 | 41.955 | 620 | 6.825 | 37.844 | | | | | 220.908 | | 45.446 | | 18.018 | | 552.853 | 927.347 |
| Rekstrarkostnaður, sértækur | | | | | | | 167.614 | | | | | | 893.419 | | 10.757.539 | | 5.635.975 | | 986.839 | 18.759.981 |
| Rekstrarkostnaður, sameiginlegur | 7.902.060 | 433.044 | 521.263 | 67.064 | 4.834.866 | -267.456 | 990.653 | 2.645.209 | 900.688 | 5.745 | 61.218 | 20.420 | 9.819.309 | | 14.172.731 | | 4.034.167 | | 18.520.852 | 64.661.833 |
| Rekstrarkostnaður | 7.902.176 | 435.191 | 521.263 | 67.679 | 4.876.821 | -266.836 | 1.165.092 | 2.683.053 | 900.688 | 5.745 | 61.218 | 20.420 | 10.933.636 | | 24.975.716 | | 9.688.060 | | 20.060.544 | 84.349.161 |
| Gjöld samtals: | 83.674.166 | 13.526.101 | 2.428.327 | 878.876 | 41.979.725 | 4.271.316 | 7.181.909 | 43.492.137 | 7.706.531 | 74.908 | 266.627 | 657.781 | 225.601.453 | | 168.345.500 | | 85.775.192 | | 200.731.393 | 886.910.637 |
| Rekstrarmúrustaða án fjármagnslöða | -14.349.903 | -9.727.033 | 2.144.683 | -290.529 | 436.243 | -6.617.686 | 1.509.027 | -2.028.889 | 195.144 | -24.508 | 270.436 | -478.640 | -139.457.286 | | -44.009.048 | | -50.383.706 | | -38.249.155 | -319.636.545 |
| Fjármunategjur m.v. meðal eigið fé | 6.845.677 | -2.014.358 | -10.758.099 | -260.127 | -9.039.755 | 1.912.040 | 2.878.304 | 6.461.948 | -2.423.435 | 35.768 | 170.591 | 4.621.589 | 68.900.002 | | 13.923.076 | | -266.904 | | 20.800.439 | 132.899.848 |
| Dráttarvaxtektur v/ álagningar | 392.601 | 21.515 | 25.998 | 3.322 | 240.213 | -13.288 | 49.219 | 131.423 | 44.749 | 285 | 3.042 | 1.015 | 487.857 | | 704.149 | | 200.431 | | 920.179 | 3.212.619 |
| Vaxta gjöld, sértækt | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 1.486 |
| Vaxta gjöld, sameiginleg | 2.238 | 123 | 148 | 19 | 1.369 | -76 | 281 | 749 | 255 | 2 | 17 | 6 | 2.781 | | 4.014 | | 1.143 | | 5.246 | 18.314 |
| Fjármunategjur og fjárm.gjöld alls | 7.236.040 | -1.992.965 | -10.500.058 | -256.814 | -8.003.912 | 1.898.827 | 2.927.243 | 6.592.622 | -2.376.941 | 36.052 | 173.615 | 4.622.598 | 69.395.077 | | 14.621.725 | | -265.904 | | 20.999.727 | 136.092.667 |
| Rekstrarmúrustaða ársins | -7.113.863 | -11.719.998 | 10.946.24 | -547.343 | -8.364.669 | -4.718.859 | 4.436.270 | -13.693.267 | -2.183.796 | 11.544 | 444.051 | 4.143.958 | -70.072.209 | | -938.426 | | -838.426 | | -14.964.995 | -183.543.878 |
| Eigið fé í ársbyrjun | 50.722.656 | -8.018.633 | -7.959.479 | -1.518.564 | -58.100.269 | 15.533.105 | 17.612.965 | 51.368.519 | -15.605.216 | 240.667 | 953.323 | 29.770.102 | 509.747.136 | | 110.621.637 | | 158.003.998 | | 161.603.228 | 1.007.432.639 |
| Eigið fé í árslok | 43.608.793 | -19.738.631 | -6.864.855 | -2.065.907 | -66.464.938 | 10.814.246 | 22.049.235 | 37.675.252 | -17.789.012 | 252.211 | 1.397.374 | 33.914.060 | 439.674.927 | | 81.234.314 | | -2.131.731 | | 146.636.233 | 823.888.761 |

4. Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstraryfirlit einstakra vörflokka

Bókfærðar nettótekjur af reglulegri starfsemi, þ.e. úrvinnslugjaldi, eru 567,2 m.kr. á árinu en voru 728,2 m.kr. árið 2007, eða 161 m.kr. minni. Þar af er úrvinnslugjald af innfluttum vörum 370,3 m.kr. sem voru 547,9 m.kr. árið áður. Af innlendra framleiðslu eru bókfærðar 34,6 m.kr. sem voru 24,1 m.kr. árið áður og af ökutækjum 162,5 m.kr. sem voru 156,2 m.kr. árið 2007. Fjármunatekjur námu 136,1 m.kr. en voru 134,8 m.kr. árið 2007. Fjármunatekjur eru reiknaðar og færðar í bókhald sjóðsins af Fjársýslu ríkisins. Lækkun tekna milli ára skýrist fyrst og fremst af talsverðri lækkun úrvinnslugjalds á þremur vörflokkum, þ.e. hjólbörðum, plastumbúðum og rafgeymum.

